

# Kynning á PISA

Programme for International Student Assessment –  
Alþjóðleg könnun þar sem reynir á þekkingu og færni nemenda



# PISA-könnunin og tilgangur

- Metur stöðu menntakerfisins í heild sinni í alþjóðlegum samanburði og veitir innsýn í styrkleika og áskoranir þátttöku landanna í menntamálum.
- Þáttökulönd hafa nýtt sér niðurstöðurnar til úrbóta og endurskoðunar á menntakerfum sbr. Hvítbók um menntun og í kjölfarið verkefnið Þjóðarsáttmáli um læsi.
- Alls taka yfir 80 þjóðir nú þátt í PISA könnuninni og hefur Ísland verið með frá upphafi.
- Menntamálastofnun fer með framkvæmdina á Íslandi fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins

- Tilgangurinn er að komast að því hvort nemendur á þessum aldri hafi þá félagslegu og tilfinningalegu færni sem þeir þurfa til að ganga vel í lífinu. Nefna má samskiptafærni – að vinna með öðrum og miðla upplýsingum til samstarfsfélaga sinna.
- Eftir könnunina sjálfa svara nemendur spurningalista/bakgrunnslista þar sem spurt er um viðhorf þeirra til náms, um námsvenjur þeirra, athafnir utan skóla ásamt hefðbundnum spurningum um bakgrunn.
- Niðurstöður verða gerðar opinberar síðla árs 2019.

# Þátttakendur og val á skólum

Könnunin er lögð fyrir 15 ára unglunga á Íslandi á þriggja ára fresti.

- Nemendur í 10. bekk.
- Nemendur fæddir 2002 sem komnir eru í framhaldsskóla.
- Nemendur fæddir 2002 en eru í öðrum bekkjardeildum.

PISA beitir nákvæmum viðmiðum þegar kemur að því að velja skóla og nemendur innan þeirra til þátttöku. Aðferðir við val á úrtökum eru gæðatryggðar og fengin úrtök og samsvarandi svarhlutföll eru sett í matsferli sem sannreynir hvort þau hafi mætt settum viðmiðum eða ekki. Ef svarhlutfall einhvers lands nær ekki settu marki, er það tilkynnt.

Til að tryggja réttmætan samanburð við önnur lönd eru allir skólar á Íslandi með í úrtakinu.

# Hvað er verið að kanna?

- Könnunin 2018 metur færni í lesskilningi, stærðfræði og náttúruvísindum.
- Færni á öðrum sviðum eins og samvinnu við þrautalausnir sem tengjast daglegu lífi.
- Nemendur þurfa að leysa þrautir í öðru samhengi en þeir eiga að venjast í skólanum og því reynir á útsjónarsemi nemandans.

Nemendur þurfa ekki að læra sérstaklega fyrir könnunina.

# Svona gæti flottur PISA-dagur verið

- Morgunhressing fyrir nemendur.
- Hvatningarstund - Horfa á hvetjandi myndbönd og tryggja afslappað andrúmsloft.
- Jákvætt viðhorf og spjall frá t.d. kennara, skólastjórnendum, tengilið og/eða fyrirmynd.
- Könnun A.
- Stuttar frímínútur.
- Könnun B.
- Lengri frímínútur.
- Bakgrunnslisti/spurningalisti unninn.
- Veitingar – t.d. pítsa, kaka eða annað spennandi sem umbun fyrir þátttöku.

# Hvatning og jákvætt viðhorf

- Mikilvægt að hvetja nemendur á jákvæðan hátt.
- Að tryggja afslappað andrúmsloft.
- Hvatning getur skipt sköpum fyrir nemendur þegar tekist er á við krefjandi verkefni.
- Jákvætt viðhorf þeirra sem koma að fyrirlögn er lykilatriði fyrir nemendur.

Jákvæð samvinna nemenda, kennara og skólastjórnenda þátttökuskólanna getur skipt sköpum hvað varðar velgengni í PISA á öllum stigum þróunarinnar og framkvæmdarinnar.

# Myndbönd

- Hér er [myndband](#) sem er ætlað fyrir tengiliði, kennara, skólastjórnendur og/eða foreldra – það skiptir máli með hvaða hugarfari er farið inn í krefjandi verkefni.
- Hér er [myndband](#) sem er fyrir nemendur sem hvatning til að gera sitt allra besta, þar leggur Jón Jónsson tónlistarmaður með meiru áherslu á hvað hugarfarið skiptir miklu máli þegar tekist er á við krefjandi verkefni.



# PISA 2018

Það skiptir okkur máli hvar Ísland stendur í menntun.

Nánari upplýsingar og kynningarefni á

[pisa.is](http://pisa.is)